

4

16. jan.

11. gr.

Þeir kaupstaðir og kauptún, sem hafa vatnsveitu og *aulk þess* slökkviút-búnað í svo góðu lagi, sem framkvæmdarstjórn fjelagsins telur viðunandi, geta vænst að fá samning við fjelagið um lækkun iðgjaldanna. Slíkt verður að gerast með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða sveitarstjórn á hverjum stað.

Ennfremur getur fjelagið hækkað iðgjöldin á þeim stöðum, sem vanrækt er að fullnægja ákvæðum laga nr. 85, 22. nóv. 1907. — Fjelagið getur tekið hærri iðgjöld fyrir lausafje en fyrir hús.

12. gr.

Flokkunarreglur þessar og iðgjaldtaxti hafa gildi frá 1. janúar 1917. Þær skulu endurskoðaðar fyrir 1. janúar 1920.

Í stjórnarráði Íslands, 16. janúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson

5

10. febr.

Hafnarreglugjörð

fyrir Eskifjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 10. febrúar 1917 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Eskifjarðarkauptún í Sudurmúlasýslu, samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjöld.

Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Eskifjarðarhöfn, fyrir innan beina línu, dregna frá Mjóeyri í Skeleyri, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

- a. Veidiskip, sildveiðaskip, hvalveiðaskip og flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hvers konar sjávaraflla sem er milli landa), skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinn á

ári hverju, er þau leggjast á höfnina, hvort sem þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip oftast beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða hið sama gjald, en komi það oftast frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi, og þaðan til Eskifjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, aðeins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald á Eskifirði. 5
10. febr.

- b. Strandferðaskip, er ganga aðeins milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Eskifjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert frekara, þó þau leggist þar oftast á sama ári.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storms eða því um liks.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hværrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgerð snertir.
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau flytja burt farminn og eigi annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má ekki kasta út á höfninni, nema hafnarnefnd leyfi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Eskifjarðarkauptúns, og skal honum eingöngu varið til að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, sem henni heyra til.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórnna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

5

10. febr.

V. *Hegningarákvæði o. fl.*

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál útaf þeim sem önnur lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarð-arkauptúns.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1917 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

I stjórnarráði Íslands, 10. febrúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

6

17. febr.

Reglugjörð

um ákvörðun sjerstaks tímareiknings.

Samkvæmt heimild í lögum 16. febrúar 1917 eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um sjerstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 20. febrúar til 20. október 1917 skal hafa sjerstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um 1 klukkustund frá svo nefndum íslenskum meðaltíma, og verði 1 klukkustund og 28 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur. Þetta kemur til framkvæmda þannig, að þriðjdagurinn 20. febrúar byrjar 19. febrúar kl. 11 að kveldi eftir íslenskum meðaltíma, og 20. október endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugjörð.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 17. febrúar 1917.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.